



VR

blaðið

6. tbl. 24. árg. – Desember 2002 – Upplag: 21.500

GLEÐILEG JÓL!

3,4% launahækkun

Jólahæfðir í fyrirtækjum

Afl í þína þágu

Sumarlokanir leikskóla

ÞJÓNUSTUVER VR Á AKRANESI OG Í REYKJAVÍK

VR, góðan dag!

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson

Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir

Útlit: Ólafur Gaukur

Forsíðumynd: Gunnar Kr. Hilmarsson

Umbrot og prentvinnsla: Prentmet ehf.

Starfsfólk á skrifstofu:

Gunnar Páll Pálsson formaður, Guðmundur B. Ólafsson, forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurlaug Hilmarisdóttir, forstöðumaður rekstrar- og fjármála-
sviðs, Elías Magnússon, forstöðumaður þjónustu-
sviðs, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, forstöðumaður
tenglasviðs, Alda Sigurðardóttir, Anna Björg
Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson,
Ástríður Valbjörnsdóttir, Bertha Biering, Björn Hall-
dór Björnsson, Dóra Björk Scott, Einar M. Nikulás-
son, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar
Nielsen, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteins-
dóttir, Guðrún Þorgerður Hlöðversdóttir, Gunnar
Kristinn Hilmarsson, Hafsteinn J. Hannesson,
Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Heiða
Björg Tómasdóttir, Júnía Þorkelsdóttir, Laufey Eydal,
Magnús L. Sveinsson, Ragnhildur A. Þorgeirsdóttir,
Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósefsson,
Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Svava Gísladóttir,
Sigrún Esther Guðmundsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir,
Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þor-
gerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og
Þórunn Jónsdóttir.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefania Magnús-
dóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda
Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðv-
arsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðar-
dóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon,
Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur
M. Valtýsson, Valdis Haraldsdóttir.

Varamenn: Ingveldur Sigurðardóttir, Jón Magnússon
og Þorlákur Jóhannsson.

Stjórn Orlofssjóðs VR:

Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Reynir
Jósefsson, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir
og Sigurður Sigfússon.

Stjórn Sjúkrasjóðs VR:

Gunnar Páll Pálsson, Steinar J. Kristjánsson,
Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og
Stefania Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir,
Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sigurður
Sigfússon.



Ljós.: Kristján Maack

Jólin koma

Við þekkjum öll jólaguðspjallið sem hefst á þá leið María og Jósep héldu til Betlehem fyrir tilskipun Ágústínusar keisara, til að láta skrásetja sig í fyrsta manntalinu. Það að telja alla heimsbyggðina hefur eflaust átti að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri Rómverska keisaradæmisins og stuðla að bættum lífskjörum þegnana. En mitt í þessari stóru framleiðniaukandi aðgerð fæddist lítið sveinbarn í fátæklegu fjárhúsi og tók ekkert tillit til þess heimsviðburðar sem manntalið var.

Enn í dag er barátta á milli þessara þátta. Segja má að hlutverk stéttarfélaganna hafi í seinni tíð í æ ríkara mæli beinst að þessum sömu þáttum og að tryggja að þær leiðir séu valdar þar sem þessir þættir fara saman. Við höfum reynt að stuðla að aukinni hagkvæmni svo hægt sé að bæta kjör manna en jafnframt að staðið vörð um að fólk hafi svigrúm til að sinna sínum þörfum og sínum Guði.

Koma jólanna snertir streng í brjóstum flestra og minningarnar af jólum bernskunnar ylja fólki oft alla tíð. Einn starfsmaður VR, sem jafnframt er í sálfræðinámi er stundum að gera sálfræðiverkefni á starfsmönnum félagsins. Undanfarið hefur hann verið að spjalla við fólk um hvað það man eftir í sambandi við jólin frá yngri árum. Það er athyglisvert að það eru ekki pakkarnir eða góði maturinn sem fólk man eftir heldur samveran við sína nánustu. Þótt gjafir og góður matur skapi eflaust jákvæðara andrúmsloft fyrir góðar minningar þá virðist það ekki vera aðalatriðið heldur það að sýna og njóta góðvildar frá fjölskyldu og samborgurum.

Notum því jólin til að sýna hvort öðru virðingu og hlýhug sama hverjar aðstæður okkar eru. Allir eiga rétt á tækifæri til að lifa hamingjusömu lífi hvort sem menn eru háir eða lágir, feitir eða mjóir. Hjálpum hveru öðru og snertum hvert annað með falletum hugsunum.



Ljós.: Kristján Maack

Jólaball VR

Sunnudaginn milli jóla og nýárs stendur VR fyrir jólaballi fyrir félagsmenn sína og fjölskyldur þeirra en nokkur óánægja varð í fyrra þegar ákveðið var að hætta að vera með jólaball. Aðsókn hafði þá farið dvínandi nokkur ár á undan.

Heimildir eru um jóla-skemmtanir VR allt aftur til ársins 1896. Þær hafa verið með ýmsu móti, lengi var síður að halda ballið fyrsta sunnudag á

nýju ári og í tvígang var haldið jólaskautaball í Skautahöllinni í Laugardal. Þá tók félagið sig saman um jólaball með Eflingu stéttarfélagi eitt árið.

Nú verður aftur haldið hefðbundið jólaball á Broadway, sunnudaginn 29. desember. Ballið hefst kl. 13:00 og stendur til kl. 15:00. Hjómsveitin Jólagleði og söngkonan Rut Reginalds sjá um tónlistina og jólasveinar og trúðar líta í heimsókn. Miðaverð er kr. 300 fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn. Miðar verða seldir á skrifstofum VR og VA dagana 16.- 20. desember og föstudaginn 27. desember á opnunartíma skrifstofanna.



Lokaverkefnastyrkur veittur í annað sinn

Markmiðið með lokaverkefnastyrk VR er að efla rannsóknir á vinnu-markaði með því að hvetja stúdenta sem eru við nám á háskólastigi til að huga betur að þessum málaflökki.

Þessi styrkur er einnig þáttur í að efla samstarf atvinnulífs og skóla. Styrkinn hlaut að þessu sinni Sverrir Jónsson, nemandi á lokaári í hagfræði og atvinnulífsfélagsfræði við Háskóla Íslands fyrir verkefnið: „Hagur atvinnulífsins af símenntun og endurmenntun.“ Verkefnið er í takt við nýja

tíma og breytt vinnuumhverfi segir í umsögn dómnefndar. Það er metnaðarfullt og vel skipulagt. Mikil þörf er á rannsóknum á þessu sviði til að bæta og efla sí- og endurmenntun starfsfólks og bæta atvinnulífið almennt. Eins og segir í umsókninni:

„Í þekkingar- og upplýsinga-þjóðfélagi er nauðsynlegt að viðhalda og auka við kunnáttu sína til þess að halda þekkingu sinni við, bæði í núverandi starfi og með tililiti til starfsþróunar. Á það bæði við um einstaklinga og ekki síður fyrirtækin sem þurfa að ná í og viðhalda hæfu starfsfólki.“

Ýmsum spurningum verður reynt að svara í verkefninu, meðal annars:

- Hver er menntunarþörf hagkerfa? Þjóðfélagsbreytingar eru örvar og kalla á aukna framleiðni. Er símenntun leið að því takmarki?
- Er símenntun fjárfesting að sama skapi og hefðbundin menntun?
- Bera fyrirtæki og einstaklingar ávöxt af erfiðinu?
- Mannauðsstjórnun og símenntun?
- Hver eru tengsl símenntunar við laun, starfsánægju og starfsþróun?
- Hverjir sækja sí- og endurmenntunarnámskeið? Leiðbeinandi verkefnisins er Þórólfur Matthíasson, dósent í hagfræði.

Þjár umsóknir bárust

Umsóknir voru metnar með tililiti til hversu metnaðarfullt verkefnið væri, hve vel undirbúið og hvort það væri í takt við nútímann. Alls bárust 3 umsóknir frá Háskóla Íslands. Þær komu frá nemendum úr félagsfræði, hagfræði og atvinnulífsfélagsfræði.

Í dómnefnd sátu: Dr. Stefán Ólafsson, prófessor í félags- og atvinnulífsfræði við Háskóla Íslands, Elísabet M. Andrésdóttir, verkefnastjóri í Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík og Alda Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR.

Gunnar Páll Pálsson, Sverrir Jónsson styrkþegi og Þórólfur Matthíasson, dósent í hagfræði.



Ljós.: Gunnar Kr.

Húsfyllir á fyrirlestri Af hverju tekur skynsamlegt fólk óskynsamlegar ákvarðanir?

Annar fyrirlesturinn í fyrirlestrarröð VR var haldinn miðvikudaginn 6. nóvember sl. Húsfyllir varð á fyrirlestrinum sem fjallaði um það af hverju tekur skynsamlegt fólk tekur óskynsamlegar ákvarðanir, þ.e. algengar ályktunarvillur sem fólk gerir bæði í leik og starfi. Gunnar Haugen ráðgjafi hjá IMG flutti fyrirlesturinn.



Ljós.: Gunnar Kr.

Afl í þína þágu

var yfirskrift ársfundar ASÍ sem haldinn var dagana 31. október og 1. nóvember sl.

VR átti 39 fulltrúa á fundinum enda félagið langstærsta félagið innan ASÍ. Ástæða er því til að hvetja félagsmenn VR til að kynna sér starfsemi ASÍ því sambandið stendur vörð um réttindi launafólks á breiðum grundvelli.

Aðalefni fundarins í ár auk venjulegra fundastarfa voru velferðarkerfi framtíðarinnar og Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks. Í þessu blaði er fjallað um íslenska velferðarkerfið en í næsta blaði verður tekið á Evrópumálunum.

Velferðarkerfi framtíðarinnar

Hér á eftir birtist úrdráttur úr samþykkt fundarins um áherslu og helstu verkefni ASÍ í velferðarmálum og til upplýsinga fyrir þá sem vilja kynna sér málið nánar birtist samþykktin í heild sinni á vef ASÍ, asi.is

Áherslan er á öruggt velferðarkerfi sem byggir á nýsköpun, veitir frelsi og tryggir jafnrétti.

ASÍ leggur áherslu á að:

- Hafnar verði formlegar viðræður milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um skýrari verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða vegna lífeyris og örorkubóta.
- Afkomuvanda eldri borgara, sem hafa lítinn rétt í lífeyrissjóðum, verði mætt með hækkun á tekjutengdum bótum og hækkun frítekjumarkna vegna tekna úr lífeyrissjóðum, en ekki hækkun grunnlífeyris.



Svipmyndir frá ársfundi ASÍ 2002.

Ljós.: Gunnar Kr.



Frá ársfundi ASÍ 2002.

- Réttur öryrkja til bóta almannatrygginga taki mið af því að framfærslubyrði þeirra er önnur og meiri en t.d. eldri borgara.
- Atvinnuleysisbætur verði tengdari launum. Tryggja þarf atvinnulausum endurmenntun til að treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði.
- Fram fari heildarendurskoðun á áfallatryggingum, með það að markmiði að: Bæta rétt til launa vegna langtíma veikinda, veikinda og slysa barna og aðstandenda og vegna kostnaðar í tengslum við langtíma veikindi.
- Tryggt verði í löggjöf að hægt verði að taka upp ný tryggingasvið á samtryggingargrunni í samingum milli aðila vinnumarkaðar.
- Til að tryggja nýsköpun og endurnýjun velferðarkerfisins og aukið kostnaðaraðhald, þarf að skapa betri forsendur og möguleika á að þróa þjónustutilboð frá einkaaðilum. Þau uppfylli það grundvallarskilyrði að tryggja jafnan aðgang óháð efnahag og búsetu en leiði ekki til aukinnar félagslegrar misskiptingar.
- Mikilvægt er að þróa og endurnýja aðferðir við stjórnun og eftirfylgni hjá hinu opinbera.
- Sjúkrahúsinn verði undir engum kringumstæðum sett undir skilmála markaðskerfisins, þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið verði grundvöllur starfseminnar.
- Hlutverk og verkaskipting milli heimilislækna/heilsugæslu, sjúkrahúsa, umönnun aldraðra og langveikra og sérfræðiþjónusta verði skýrd út frá þeirri grunnhugsun, að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður einstaklinga í heilbrigðiskerfinu.
- Heilsugæsla verði stórefld og opnað verði á fleiri rekstrarform. Þjónustan verði áfram á ábyrgð hins opinbera og jafnt aðgengi tryggt.
- Mikilvægt er að efla almenna öldrunarþjónustu.
- Verkaskipting milli sjúkrahúsa og sérfræðilækna verði endurskoðuð.
- Stýringu eftirspurnar eftir sérfræðilæknaþjónustu verði breytt til þess að draga úr kostnaði. Siauðkinn gjaldtöku af sjúklingum verði hætt, tekið verði upp tilvisanakerfi og þar með gjöld fyrir sérfræðiþjónustu lækkuð. Þó standi til boða val um að fara beint til sérfræðings en á meiri ábyrgð og kostnað neytanda og sérfræðings.
- Endurskipulagning á verkefnum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- Sjálfstæði Tryggingastofnunar ríkisins verði aukið og tryggt í lögum.
- ASÍ telur mikilvægt að víðtæk samstaða verði um að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi, með lækun kostnaðar vegna lyfja- og lækniþjónustu, lækun á kostnaði vegna íþróttar- og tómstundastarfs barna og unglinga og brugðist verði við verulegri hækkun á húsnæðiskostnaði í félagslega húsnæðiskerfinu og skorti á húsnæði.

Hver eru verkefni ASÍ í þessum áherslum?

- Vera virkur þátttakandi og taka frumkvæði í umræðunni í samfélaginu um uppbyggingu og nýsköpun velferðarkerfisins.
- Vera lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti og stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar um þessi mál. Koma fram yfir hönd aðildarsamtaka sinna gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda í þessum málaflokki. Standa fyrir opnum umræðum um þær hættur sem steðja að kerfinu.
- Vinna að því að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um réttindi sín í velferðarkerfinu.
- Vinna áfram að mótun stefnu ASÍ í velferðarmálum.
- Vinna því pólitískt fylgi að hér verði öflugt velferðarkerfi sem tryggir öllum öryggi.



Mynd: Gunnar Kr.

Þjónustuverið á Akranesi. Sigrún Svava Gísladóttir og Sigrún Esther Guðmundsdóttir við störf.

„VR, góðan dag“

Eins og sagt var frá í síðasta blaði var þjónustuver tekið í notkun hjá VR í lok október í þeim tilgangi að bæta þjónustu við félagsmenn. Áður störfuðu tveir í móttöku og á skiptiborði félagsins sem vísuðu málum áfram. Eftir opnun þjónustuversins verða allt að átta

manns á álagstímum sem svara beint fyrirspurnum félagsmanna. Einnig verður hægt að telja og greina símtöl á einfaldan hátt og þar með fæst einnig frekari yfirsýn yfir væntingar félagsmanna og auðveldara verður að finna út hvaða mál ber hæst hverju sinni.

Þjónustuverið verður með tvær starfsstöðvar, eina á Akranesi og eina í Reykjavík. Á Akranesi er einnig opin skrifstofa fyrir félagsmenn Verslunarmannafélags Akraness og er opnunartíminn eins og á skrifstofunni í Reykjavík, frá kl. 8:30 til 16:30 alla virka daga. VR blaðið tók tvo starfsmenn tali um starfið í þjónustuverinu og fleira forvitnilegt.

Lærði Shiatsu á Ítalíu

Heiða Björg Tómasdóttir er starfsmaður þjónustuversins í Reykjavík. Hún hóf störf hjá félaginu í mars á þessu ári þá nýkomin úr námi á Ítalíu en þangað fór hún 1998, þar sem hún lærði Shiatsu, sem er japanskt þrýstinudd. Það er ekki alveg hefðbundin leið að fara til Ítalíu að læra nudd. „Ég fór upphaflega út á vegum alþjóðlegra ungmennskipta sem sjálfbodaliði á jarðskjálftasvæði í Umbria héraði á Mið-Ítalíu en þar reið yfir mikill jarðskjálfti nokkru áður. Þegar ég kom á staðinn voru hlutirnir ekki eins og til stóð, verkefnið var illa skipulagt og lítið fyrir mig að gera. Ástandið þarna var mjög erfitt, fólk bjó í hjólhýsum og meiri áhersla hafði verið lögð á að laga til byggingar og kirkjur en búa fólkinu sæmileg lífkjör. Ég flæktist þó í ýmsum verkefnum, og þegar því lauk lenti ég í þessu námi eiginlega fyrir tilviljun og lauk því árið 2002.“ segir Heiða.

En hvað er þrýstinuddari að gera í þjónustuveri VR? „Eftir að ég kom heim þurfti ég auðvitað á vinnu að halda og sótti um hjá VR eins og á svo fjölmörgum öðrum stöðum. Ég var að leita mér að aukavinnu því ég ætlaði að fara út nuddið en líkar svo vel hér að



Mynd: Gunnar Kr.

Sigrún Svava Gísladóttir

nuddið varð aukavinnan mín, a.m.k. í bili. Nuddinu sinni ég svo á snyrtistofunni Eygló á Langholtsvegi, eftir pöntunum,“ segir Heiða brosandí.

„Hér í þjónustuverinu er mikið líf og fjör, við reynum að svara sem flestum fyrirspurnum sem koma hér inn símleiðis og auka þekkingu okkar dag frá degi til að geta svarað fleirum og fleirum. Við vinnum auk þess í bakvinnslu í atvinnuleysisbótum og fræðslusjóði, skráum inn umsóknir og fleira.“

Hvaða málaflokkar eru vinsælastir? „Eftir að við fórum að svara alltaf meiru og meiru tekur maður kannski minna eftir því hvaða málaflokkar eru vinsælastir, það fer líka eftir tímabilum. Annars eru kjaramálin eflaust efst á lista.“ segir Heiða. Finnst þér að tilkoma þjónustuversins breyti einhverju fyrir félagsmenn VR? „Heilmiklu. Fólk fær svör við fyrirspurnum strax og á einum stað í stað þess að áður þurfti það kannski að hringja oft inn og var sent á milli deilda til að fá svör úr misjöfnum málaflökkum sem gekk oft erfiðlega vegna mikils fjölda símtala sem komu inn,“ segir þessi kraftmikla ævintýrakona.

Erum alltaf að bæta við okkur þekkingarmolum

Í kjölfar samstarfs VR við Verslunarmannafélag Akraness var ákveðið að nýta aðstöðuna á Akranesi ekki aðeins til að þjónusta félagsmenn VA heldur einnig fyrir félagið í heild og opna þjónustuver þar. Það eru því helmingslíkur á því að sá sem svarar „VR góðan dag“ þegar félagsmenn hringja inn sé staðsettur á Skaganum.

Sigrún Svava Gísladóttir er ein af þeim fimm starfsmönnum sem þar vinna.

Hún var spurð að því hvernig það hefði komið til að hún hóf vinnu hjá VR.

„Ég sá að þetta starf var auglýst í Póstinum, sem er auglýsingablað hér á Akranesi. Mér fannst þetta virka mjög spennandi starf, þannig að ég ákvað að sækja um og var svo heppin að vera ráðin.“ Sigrún er Akurnesingur að ætt og uppruna og hefur áður unnið hjá Pennanum Bókaverslun Andrésar Níelssonar og sem ritari á skurðeild Borgarspítalans. Þetta hlýtur að vera ólíkt þeim störfum? „Já að mörgu leyti,“ segir Sigrún, „segja má að þetta starf sé mjög fræðandi, maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.“

Nú er það mikil þekking á réttindamálum sem menn þurfa að hafa til að geta svarað öllum þeim spurningum sem brenna á þeim sem hringja inn, er ekki erfitt að hafa alltaf svör á takteinum? „Við gerum okkar besta, en því sem við ekki getum svarað vísum við áfram til sérfræðinganna. Við erum alltaf að bæta við okkur nýjum þekkingarmolum,“ segir Sigrún glettin. Áður en þær hófu störf í þjónustuverinu voru þær í fimm mánaða þjálfun hjá hinum ýmsu sérfræðingum á skrifstofu VR. Samhliða þeirri þjálfun var unnið að uppbyggingu þekkingargrunns sem þær geta leitað í. Þekkingargrunnurinn er í sífelli þróun og daglega bætist við hann.

Hvernig líður ykkur hér á Kirkjubrautinni á Akranesi svona fjarri starfsfélögum ykkar? „Aðstaðan er mjög góð, gæti ekki verið betri,“ segir Sigrún og blaðamaður sér að þær hafa hreiðrað vel um sig á skrifstofunni. „Fjarlægðin við starfsfélagana í Reykjavík venst, við erum í mjög góðu sambandi við þau í gegnum tölvupóstinn og símann,“ sagði Sigrún að lokum.



Mynd: Gunnar Kr.

Heiða Björg Tómasdóttir.



Særún Sigurgeirdóttir, trúnaðarmaður VR hjá Blindrafélaginu, leggur lokahönd á jólatréð sitt.

Mynd: Elísabet Magnúsdóttir



Hreykinn hópur starfsmanna VR með aðventuskreytinguna sína. Efri röð f.v. Guðrún E. Hafsteinsdóttir, Elín Sveinsdóttir, Ásta Sveinsdóttir, Sigrún Svava Gísladóttir, Þórunn Jónsdóttir, Dóra Björk Scott, Sigrún Esther Guðmundsdóttir, Þorgrímur Guðmundsson, Bertha Biering, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Anna J. Sævarsdóttir, Laufey Eydal og Kristjana Skarphéðinsdóttir. Fremri röð f.v. : Heiða Björg Tómasdóttir, Ragnhildur A. Þorgeirsdóttir, Hansína Gísladóttir og Alda Sigurðardóttir.

Jólah hefðir í fyrirtækjum

Á aðventunni eru í hefðir gjarnan í hávegum hafðar. Ekki á það einungis við um heimilin sem gjarnan baka laufabrauð, smákökur og fleira skemmtilegt heldur á það einnig við úti í fyrirtækjunum. VR blaðið hafði samband við trúnaðarmenn í nokkrum fyrir-


tækjum til að fá innsýn í hvað fyrirtæki og starfsmannafélög gera sér til gamans í desember.

Í fyrsta lagi eru skreytingarnar, flestir vinnustaðir eru skreyttir í byrjun desember og aðrir mun taki sig saman, hittist að kvöldi til og föndri, gjarnan með börnunum sínum. Viða er farið í jólahlaðborð, eða boðið er upp á hangikjöt í mótuneytinu. Mörg fyrir-

tæki halda jólaball með pökkum fyrir börnin, jólasveini og jafnvel flugeldasýningu. Aðrir eru með kökudag, þá koma starfsmenn með sýnishorn af eigin jólabakstri. Auk þess tíðkast svokallaðar skógarhöggsferðir, starfsmannafélög taka sig saman og fara með fjölskylduna og sækja sér jólatré. Enn aðrir fá leiðbeinendur sem halda námskeið í jólaföndri, konfektgerð, gjafapakningum o.fl. Hjá einu fyrirtæki var haldinn sérstakur tiltektardagur fyrir jólin; þar sem húsnæðið var

tekið í gegn. Starfsfólkinu var skipt upp í hópa sem hver fékk sitt verkefni og auk þess kassa með allskyns dóti sem átti nota til að búa til aðventuskreytingu. Þetta vakti mikla kátínu því hlutirnir sem í kassanum voru voru ekki beint til að gera hefðbundnar skreytingar. Ljóst er að það er ýmislegt sem hægt er að gera sér til skemmtunar á aðventunni og gott tækifæri til að hittast, e.t.v. með börnin sín og hafa það huggulegt.

bauð okkur þegar í heim sókn. Þegar komið var á staðinn voru þær í óðaönn að ljúka við að



Aðallega kvenþjóðin sem mætir í föndrið

VR blaðið hafði fregnir af því að stelpurnar hjá Blindrafélaginu væru að föndra saman fyrir jólin og okkur datt því í hug að gaman væri að fá að líta inn til þeirra. Blaðið hafði samband við Særúnu Sigurgeirsdóttur trúnaðarmann VR hjá Blindrafélaginu sem

Frá og með 1. janúar eiga launin að hækka um 3,4% Samkvæmt kjarasamningi VR og SA



Sími 510 1700 • www.vr.is

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur





Mynd: Gunnar Kr.



Mynd: Elisabet Magnúsdóttir

búa til jólatré, eins og sjá má af myndunum sem Elisabet Magnúsdóttir tók.

Þessar glaðbeittu konur voru spurðar að því hvort fönðrað væri hjá þeim á hverju ári. Særún varð fyrir svörum. „Þetta er annað árið sem við komum saman til að fönðra fyrir jólin“ segir Særún. „Í fyrra gerðum við engla úr borðum og trékúlum og bjuggum til jóla-kúlur úr frauðplasti. Í ár útbjuggum við jólatré úr tré sem við máluðum og skreyttum og eins gerðum við jólaóróa úr tré.“ Eins og á myndunum má sjá voru það einungis konur sem sátu við trjágerðina. Hvernig var mætingin meðal starfsmanna? „Þetta er nú aðallega kvenþjóðin sem mætir í fönðrið og hafa flest allar konurnar tekið þátt í þessu. Starfsmenn eru fimmtán manns, þar af fjórir karlmenn.“

Hvernig líður dagurinn á skrifstofu Blindrafélagsins? „Vinnan hjá Blindrafélaginu felst í að sinna hagsmunamálum blindra og sjónskertra. Fjáröflun er stór hluti starfsins og svo húsnæðismál, menntamál, atvinnumál og svo mætti lengi telja,“ segir Særún.

Starfsmenn Blindrafélagsins gera fleira saman í tilefni jóla. „Við förum saman á jólahlaðborð á hverju ári og svo sjá félagsmenn um bæði jólaföndur og jólabingó, þá er einnig jólaball fyrir börnin haldið hér í húsinu. Jólin byrja reyndar hjá okkur í september því þá er farið að huga að jólakortum sem félagið gefur út í fjáröflunarskygni, þannig að undirbúningur jóla er nokkuð langur.“

VR blaðinu lék hugur á að vita hvernig Særúnu myndist að vera trúnaðarmaður hjá VR. „Ég hef verið trúnaðarmaður í rúm ár. Ég get nú ekki sagt að það hafi mikið að reynt á mig í því starfi ennþá. Það er reyndar stutt síðan ég fór á trúnaðarmannanámsskeið hjá VR, sem var mjög fræðandi og skemmtilegt. Vegna anna núna undanfarið hef ég ekki haft tækifæri til að miðla til starfsmanna þeim upplýsingum formlega sem þar komu fram en ég stefni að því eins fljótt og tækifæri gefst“, sagði Særún og við þökkum henni kærlega fyrir spjallið og heim-sóknina.

Starf leynijólasveina er ekki erfitt!

Elisabet Þorvaldsdóttir, trúnaðarmaður hjá Gulu línunni, sendi blaðinu þennan leik

Nöfn þátttakenda eru skrifuð á miða og sett í pott. Svo gengur leikstjórnandinn um fyrirtækið og hver og einn þátttakandi dregur einn miða upp úr pottinum.

Dæmi: Sigrún dregur nafn Helgu og þá verður Sigrún

leynijólasveinninn hennar Helgu. Sigrún má ekki segja neinum frá hver hennar skjólstaðingur er. Helga dregur annan miða með nafni einhvers starfsfélaga og svo koll af kolli. Starf leynijólasveina er ekki erfitt. Það snýst um að gleðja og stríða skjólstaðingnum sínum eitthvað örlítið á hverjum degi í eina viku fram að einhverjum ákveðnum

degi, t.d. jólaballi, jólamat eða jólaglöggi.

Sem dæmi um góðmennsku gagnvart skjólstaðingi, getur leynijólasveinn skilið eftir eitthvað góðgæti á skrifborði skjól-



staðings, sett í póstkassann heima hjá honum, í skóna hans eða hvar sem er. Hugmyndaflug-ið má ráða ferðinni. Galdurinn er að gleðja og kæta samstarfsmenn sína daglega. Gæta þarf samt fyllstu varúðar, því að ENGINN má vita hver er leynijólasveinn hvers. Svo má svipta hulunni af sveinka við eitthvert skemmtilegt tilefni eins og áður sagði.



Mynd: Elisabet Magnúsdóttir

MINNISBLAÐ VERSLUNARMANNA UM

Desembermánuður ein-kennist af auknu vinnu-álagi í verslunum auk margra frídaga sem launþegar eiga rétt á yfir hátíðarnar. Því er ekki úr vegi að rifja upp þau ákvæði almennra kjarasamninga sem tengjast vinnu í jólamánuðinum á beinan hátt. Við gerð kjarasamninga hefur VR leitast við að ná samkomulagi um ákvæði sem sérstaklega eru ætluð til að umbuna starfsfólki fyrir vinnuframlag þeirra á þessu tímabili og tryggja lágmarkshvöld á álagstímum. Hér að neðan eru þau helstu tíunduð.

• Skráning vinnutíma

Í jólamánuðinum er góð vinnuregla að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa. Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímamann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.

• Frídagar yfir hátíðarnar

Frídagar yfir hátíðarnar eru eftirfarandi skv. samningum: Eftir kl. 12:00 á aðfangadag, jóladagur, annar í jólum, eftir kl. 12:00 á gamlársdag og nýársdagur. Allir framantalinna daga teljast vera stórhátíðadagar, að undanskildum öðrum degi jóla sem er almennur frídagur. Ekki er vinnuskylda á þessum dögum og skulu launþegar halda sínum dagvinnulaunum óskertum.

• Laun á frídögum

Samþykki launþegar að taka að sér vinnu á frídögum skal greiða hefðbundið yfirvinnukaup, (1,0385% af mánaðarlaunum f. dagvinnu), fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðakaup, (1,375% af mánaðarlaunum f. dagvinnu), fyrir vinnu á stórhátíðadögum. Hefðbundin dagvinnulaun launþega í föstu og reglubundnu starfi haldast auk þess óbreytt.

• Daglegur hvíldartími

Á hverjum sólarhring, reiknað frá upphafi vinnudags, á starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld. Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst. Vinnuveitandi skal jafnframt leitast við að láta þessa daglegu hvíld ná til tímaþilsins á milli kl. 23:00 og 06:00.

- Skráning vinnutíma
- Frídagar yfir hátíðirnar
- Laun á frídögum
- Daglegur hvíldartími
- Frávik og frítökuréttur
- Vikulegur frídagur
- Frestun á vikulegum frídegi
- Frídagar vegna vinnu í desember

• Frávik og frítökuréttur

Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má lengja daglega vinnulotu í 16 klst. Ef vinnulotan er lengd í 16 klst. skal undantekningalaust veita 11 klst. hvíld beint á eftir, án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Ef sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma er heimilt að fresta hvíldinni og veita hana síðar. Þannig safnast svokallaður frítökuréttur upp. Fyrir hverja klst. sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klst. í dagvinnu í frítökurétt. Uppsafnaður frítökuréttur skal koma fram á launaseðli og skal taka hann í hálfum eða heilum dögum í samráði við vinnuveitanda. Ef starfsmaður óskar er heimilt að greiða 1/2 klst. (dagvinnu) af frítökuréttinum.

Dæmi: Starfsmaður hefur störf kl. 08:00 Hann lýkur störfum kl. 23:00 og kemur aftur til vinnu kl. 08:00 daginn eftir. Samfelld hvíld hans á milli vinnudaga er einungis 9 klst. Hvíldartími hans hefur þ.a.l. verið skertur um 2 klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt uppá 3 klst. fyrir vikið.

Undir öllum kringumstæðum er þó óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld. Ef starfsmaður vinnur það lengi á undan helgi eða frídegi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt.

Ef starfsmaður vinnur á frídegi eða um helgi skal greiða yfirvinnukaup fyrir þann vinnutíma án þess að frekari aukagreiðslur komi til.

Hafa ber í huga að þessi ákvæði eiga ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartímamann í allt að 8 klst.

Við starfslok skal uppsafnaður frítökuréttur starfsmanns gerður upp.

• Vikulegur frídagur

Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

• Frestun á vikulegum frídegi

Ef því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi. Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt að fresta vikulegum frídegi er fyrirtæki heimilt að gera slíkt

- Helgarvinna
- Matar- og kaffitímar
- Samningur VR og Samtaka atvinnulífsins
- Samningur VR og Samtaka verslunarinnar – FÍS
- Vinna barna og unglinga
- Desemberuppþót


með sérstökum samningi við starfsmenn sína og VR. Með slíkum samningi má t.d. veita frí á laugardegi og sunnudegi aðra hvora helgi. Ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi og starfsmaður er látinn vinna 7 daga í röð á hann rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.

• Frídagar vegna vinnu í desember

Fastráðið afgreiðslufólk og lagermenn þeirra verslana sem



Mynd: Gunnar Kr.



Birna Björnsdóttir, starfsmaður í M. Þakkar inn fyrir viðskiptavin.

hafa lengdan opnunartíma í desember, svo sem á laugardögum eftir kl. 16:00, á sunnudögum og á Þorláksmessukvöldi, og sem vinnur a.m.k. 50% starf á rétt á tveimur launum á frídögum í janúar næst á eftir. Einnig má veita þessa frídaga á milli jóla og nýárs skv. bókun samningsaðila frá 1. maí 1989.

Óski starfsmaður þess á hann rétt á 10% launauppþót miðað við eigin dagvinnulaun í desember í stað tveggja frídaga.

• Helgarvinna

Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir 4 klst., þótt unnið sé skemur.

Í kjarasamningi VR og SV — FÍS kveður á um að greiða skuli ávallt 1 klst. lengur en unnið er á laugardögum og sunnudögum.

• Matar- og kaffitímar

VR semur við tvönn samtök vinnuveitanda, annars vegar Samtök atvinnulífsins og hins vegar Samtök verslunarinnar-FÍS. Stærstur hluti félagsmanna VR starfar samkvæmt samningi VR og Samtaka atvinnulífsins. Ákvæði um matar- og kaffitíma eru ekki samhljóða í þessum samningum.

Freydís Karlsdóttir, starfsmaður í Debenhams, brosir sínu blíðasta í jólaösinni.



Mynd: Gunnar Kr.

áli og menningu á Laugavegi,

Hér er gerð grein fyrir ákvæðum um neysluhlé í hvorum samningi fyrir sig.

Samningur VR og Samtaka atvinnulífsins

Hádegismatartími í verslunum er á bilinu 1/2 – 1 klst. (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. Hafa ber í huga að starfsfólk þarf að vinna í 5 klst. til að öðlast rétt til matartíma í hádeginu.

Kvöldmatartími telst á hinn bóginn til vinnutíma og er því greiddur. Kvöldmatartíma skal veita á milli kl. 19:00 og 20:00. Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi. Vinni starfsmaður lengur en 4,5 klst. eftir kl. 16:00 á hann rétt á óskertu 1 klst. kvöldmatarhléi.

Kaffitími hjá afgreiðslufólki er 35 mínútur á dag miðað við fullan vinnudag og er í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum. Dæmi: Starfsmaður sem vinnur 4 tíma á dag á rétt á u.þ.b. 17,5 mínútum í kaffi. Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita annan 20 mínútna kaffitíma á tímabilinu kl. 22:00 – 22:20. Á Þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffitímann á bilinu kl. 21:40 – 22:20.

Samningur VR og Samtaka verslunarinnar – FÍS

Starfsmenn eiga rétt á vinnuhléi sem nemur a.m.k. 1/2 klst. á dag, nema um annað sé samið. Daglegur tími sem fer í vinnuhlé má ekki fara fram úr einni klst. nema vinnudagur fari fram yfir 8 klst. á dag. Þá má vinnuhlé fara í 1½ klst. á dag.

Kvöldmatartími telst til vinnutíma og er því greiddur. Kvöldmatartíma skal veita á milli kl. 19:00 og 20:00. Sé matartíminn unninn eða hluti af honum greiðist til viðbótar og með sama kaupi 1 klst. og skal það einnig gert þótt skemur sé unnið. Vinni starfsmaður lengur en 4,5 klst. eftir kl. 16:00 á hann rétt á óskertu 1 klst. kvöldmatarhléi. Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita 20 mínútna kaffitíma á tímabilinu kl. 22:00 – 22:20. Á Þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffitímann á bilinu kl. 21:40 – 22:20.

• Vinna barna og unglinga

Vinnutími unglinga 15 til 18 ára má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku. Unglingar mega ekki vinna frá kl. 22:00-06:00 nema annað sé sérstaklega tekið fram. Undanþágur frá þessu eru fyrir hendi sbr. vinnu í kvikmyndahúsum, leikhúsum og í söluturnum svo nokkur dæmi séu tekin. Unglingar mega þó aldrei vinna á milli kl. 24:00 og 04:00.

Vinnutími barna 13-15 ára, eða þeirra sem eru í skyldunámi, má vera 2 klst. á dag eða 12 klst. á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla. Utan starfstíma skóla má vinnutími 13-14 ára barna vera 7 klst. á dag eða 35 klst á viku. Fimmtán ára börn mega hins vegar vinna jafn lengi og unglingar. Börn mega ekki vinna á tímabilinu kl. 20:00-06:00.

• Desemberuppbót

Að lokum er rétt að minna á að desemberuppbot til félagsmanna VR skal greiðast ekki síðar en 15. desember. Desemberuppbot í ár fyrir fullt starf á árinu er kr. 41.000, skv. kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins, en kr. 45.000 skv. kjarasamningi VR og Samtaka verslunarinnar — FÍS. Hægt að leita nánari upplýsinga um þetta atriði á heimasíðu VR, www.vr.is, eða hjá starfsfólki kjaramáladeildar VR.

Þetta eru helstu atriði sem hafa ber í huga í annríki jólamánaðarins. Ef upp koma spurningar um eitthvert ofantalinnu atriða eru starfsmenn kjaramáladeildar ávallt reiðubúnir að aðstoða. Síminn er 510-1700.

Með jólakveðju,
kjaramáladeild VR



JÓLA PÓSTKORT

Fyrripart desembermánaðar fóru starfsmenn VR á stúfana og dreifðu póstkortum með helstu upplýsingum um réttindi félagsmanna vegna vinnu í desembermánuði, annasamansta mánuði ársins í verslunum landsins.

Þetta hefur verið gert árum saman hjá VR og er starfsmönnum undantekningarlítið vel tekið. Það vill þó öðru hverju til að starfsmönnum VR er fylgt samstundis til dyra. Myndirnar sem hér fylgja eru af Sigrúnu Viktorasdóttur starfsmanni hjá VR og formanni félagsins Gunnari Páli Pálssyni að heimsækja verslanir í Kringlunni fyrir jólin.



Mynd: Gunnar Kr.

Formaðurinn á tali við brosmildan starfsmann í Ótrúlegu búðinni



Mynd: Gunnar Kr.

Sigrún útbreiðir orðið í versluninni LUSH

3,4% launahækkun frá 1. janúar

Frá og með 1. janúar 2003 skulu öll laun og kjaratengdir liðir skv. kjarasamningi VR og SA frá maí 2000, hækka um 3,4% svo og allir launataxtar í kjarasamningi sem hér segir:

Bls. 7, grein 1.1.1. í kjarasamningi VR og SA

Afgreiðslufólk í verslunum

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
16 ára	81.702	480,60	848,47	1.123,40
17 ára	86.241	507,30	895,61	1.185,81
Byrjunarlaun	90.780	534,00	942,75	1.248,22
Eftir 1 ár í starfsgrein	93.858	552,11	974,71	1.290,55
Eftir 3 ár í starfsgrein	94.935	558,44	985,90	1.305,36
Eftir 5 ár í starfsgrein	96.116	565,39	998,16	1.321,59
Eftir 7 ár í sama fyrirt.	96.860	569,76	1.005,89	1.331,82

Bls. 7, grein 1.1.1.

Deildarstjórar í verslunum

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
Byrjunarlaun	98.130	577,24	1.019,08	1.349,29
Eftir 1 ár í starfsgrein	98.971	582,18	1.027,82	1.360,86
Eftir 3 ár í starfsgrein	99.787	586,98	1.036,28	1.372,07
Eftir 5 ár í sama fyrirt.	100.578	591,63	1.044,50	1.382,94

Bls. 9, grein 1.1.3.

Skrifstofufólk

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
Byrjunarlaun	100.400	627,50	1.042,65	1.380,50
Eftir 1 ár í starfsgrein	103.151	644,69	1.071,22	1.418,33
Eftir 3 ár í starfsgrein	104.967	656,04	1.090,08	1.443,30
Eftir 5 ár í sama fyrirt.	106.574	666,08	1.106,77	1.465,39

Bls. 68, kjarasamningur vegna starfsfólks í gestamóttöku

Gestamóttaka

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag	33% álag	45% álag
Byrjunarlaun	100.729	592,53	1.046,07	1.385,03	788,06	859,16
Eftir 6 mánaða starf	102.400	602,35	1.063,42	1.408,00	801,13	873,41
Eftir 1 árs starf	105.206	618,86	1.092,57	1.446,58	823,08	897,35
Eftir 3 ára starf	108.392	637,60	1.125,65	1.490,39	848,01	924,52
Eftir 5 ár í sama ft	112.149	659,70	1.164,67	1.542,05	877,40	956,56

Bls. 65, kjarasamningur vegna starfsfólks í söluturnum og söluskálum

Söluturnar

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag	33% álag	45% álag
16 ára	81.702	480,60	848,47	1.123,40	639,20	696,87
17 ára	86.241	507,30	895,61	1.185,81	674,71	735,58
Byrjunarlaun	90.780	534,00	942,75	1.248,22	710,22	774,30
Eftir 1 ár í starfsgrein	93.858	552,11	974,71	1.290,55	734,30	800,55
Eftir 3 ár í starfsgrein	94.935	558,44	985,90	1.305,36	742,73	809,74
Eftir 5 ár í starfsgrein	96.116	565,39	998,16	1.321,59	751,97	819,81
Eftir 7 ár í sama ft	96.860	569,76	1.005,89	1.331,82	757,79	826,16

Baugur að hluta, Kaupás, Matbær og Samkaup

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
16 ára unglingar	82.984	488,14	715,32	951,00
17 ára unglingar	87.594	515,26	755,06	1.003,83
Byrjunarlaun	92.204	542,38	794,80	1.056,66
Eftir 6 mán	101.241	595,54	872,70	1.160,23
Eftir 1 ár	102.405	602,38	882,73	1.173,56
Eftir 2 ár	108.862	640,36	938,39	1.247,56
Eftir 5 ár	110.676	651,03	954,03	1.268,35



Bónus, almennt afgreiðslufólk

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
16 ára unglingar	97.220	571,88	800,64	1.029,39
17 ára unglingar	102.621	603,65	845,12	1.086,58
Byrjunarlaun	108.022	635,43	889,60	1.143,77
Eftir 6 mán	111.618	656,57	919,20	1.181,83
Eftir 1 ár	113.179	665,76	932,06	1.198,36
Eftir 2 ár	121.663	715,66	1.001,93	1.288,19
Eftir 5 ár	124.395	731,73	1.024,43	1.317,12

10-11, almennt afgreiðslufólk

	Mánaðarlaun	Jafnaðarkaup	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
16 ára unglingar	117.793	692,90	1.002,14	1.619,66
17 ára unglingar	124.337	731,40	1.040,64	1.709,64
Byrjunarlaun	130.881	769,89	1.079,13	1.799,62
Eftir 6 mán	138.513	814,78	1.124,02	1.904,55
Eftir 1 ár	150.555	885,62	1.194,86	2.070,13
Eftir 2 ár	158.990	935,24	1.244,48	2.186,12

Bls. 75, kjarasamningur vegna starfsfólks í kvikmyndahúsum

Kvikmyndahús

Almennir starfsmenn	Dagvinna	Jafnaðarkaup	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
16 ára unglingar	480,59	605,41	848,47	1.123,39
17 ára unglingar	507,30	638,54	895,61	1.185,82
Byrjunarlaun	534,00	672,68	942,75	1.248,22
Eftir 1 ár í starfsgrein	552,11	699,79	974,72	1.290,56
Eftir 3 ár í starfsgrein	558,44	735,93	985,91	1.305,36
Eftir 5 ár í starfsgrein	565,39	792,16	998,17	1.321,61
Eftir 7 ár í sama fyrirt	569,76	864,44	1.005,88	1.331,81

Kvikmyndahús

Vaktstjórar	Dagvinna	Jafnaðarkaup	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
Byrjunarlaun	614,10	774,08	1.084,16	1.435,45
Eftir 1 ár í starfsgrein	634,93	805,21	1.120,94	1.484,15
Eftir 3 ár í starfsgrein	642,21	846,37	1.133,79	1.501,16
Eftir 5 ár í starfsgrein	650,20	910,63	1.147,90	1.519,84
Eftir 7 ár í sama fyrirt	655,22	993,96	1.156,76	1.531,58

Bls. 62, Kjarasamningur vegna starfsfólks í apótekum

Afgreiðslufólk í apótekum

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
16 ára	81.702	480,60	848,47	1.123,40
17 ára	86.241	507,30	895,61	1.185,81
Byrjunarlaun	90.780	534,00	942,75	1.248,22
Eftir 1 ár í starfsgrein	93.858	552,11	974,71	1.290,55
Eftir 3 ár í starfsgrein	94.935	558,44	985,90	1.305,36
Eftir 5 ár í starfsgrein	96.116	565,39	998,16	1.321,59
Eftir 7 ár í sama fyrirt.	96.860	569,76	1.005,89	1.331,82



Defectrice

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
Byrjunarlaun	89.401	525,89	928,43	1.229,27
Eftir 1 ár í starfsgrein	92.577	544,57	961,41	1.272,93
Eftir 3 ár í starfsgrein	97.206	571,80	1.009,49	1.336,59
Eftir 5 ár í sama fyrirt.	102.064	600,37	1.059,93	1.403,37

Lyfjatæknar

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag
Byrjunarlaun	104.224	613,08	1.082,37	1.433,08
Eftir 1 ár í starfsgrein	109.436	643,74	1.136,49	1.504,75
Eftir 3 ár í starfsgrein	114.907	675,92	1.193,31	1.579,97
Eftir 5 ár í sama fyrirt.	120.653	709,72	1.252,98	1.658,97

Bls. 90-91, Sérkjarasamningur

Flugleiðir

Söluskrifstofa	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag	33% álag	45% álag
Byrjunarlaun	108.432	677,70	1.126,07	1.490,94	901,34	982,67
Eftir 1 ár í starfsgrein	111.403	696,27	1.156,92	1.531,79	926,04	1.009,59
Eftir 3 ár í starfsgrein	113.364	708,52	1.177,28	1.558,75	942,34	1.027,36
Eftir 5 ár í sama fyrirt	115.100	719,37	1.195,31	1.582,62	956,77	1.043,09

IATA-UFTAA próf	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag	33% álag	45% álag
Byrjunarlaun	112.444	702,77	1.167,73	1.546,10	934,69	1.019,02
Eftir 1 ár í starfsgrein	115.524	722,03	1.199,72	1.588,46	960,30	1.046,94
Eftir 3 ár í starfsgrein	117.558	734,74	1.220,84	1.616,43	977,20	1.065,37
Eftir 5 ár í sama fyrirt	119.359	745,99	1.239,54	1.641,18	992,17	1.081,69

Tæknilager	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátiðarálag	33% álag	45% álag
Byrjunarlaun	92.148	542,05	956,96	1.267,04	720,92	785,97
Eftir 1 ár í starfsgrein	93.523	550,13	971,23	1.285,94	731,68	797,69
Eftir 3 ár í starfsgrein	98.106	577,09	1.018,83	1.348,96	767,53	836,79
Eftir 5 ár í starfsgrein	102.474	602,79	1.064,20	1.409,02	801,71	874,05
Eftir 7 ár í sama fyrirt.	106.590	627,00	1.106,93	1.465,61	833,91	909,15




S. Lovísa
Jónsdóttir
hjá Brimborg.



Guðný
Helga í
versluninni
Völusteini.




BókaJól.
Fjalar
Ólafsson,
starfsmaður
í Máli og
menningu á
Laugavegi.



Rósa Björk
Svavars-
dóttir hjá
Brimborg

Jólasyrpa





Mynd: Gunnar Kr.

Bjargey Ingólfssdóttir í jólalegri verslun Garðheima.



Mynd: K. Maack

Frá jólaballi VR.

„Ég mæli með svona balli fyrir öll börn og líka fullorðna“

Jólaball VR verður haldið á Broadway sunnudaginn
29. desember frá kl. 13:00-15:00.

Þetta verður alvöru jólaball þar sem dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinar og trúðar koma í heimsókn. Hljómsveitin Jólagleði, ásamt Ruth Reginalds, spilar öll skemmtilegu jólalögin þannig að allir geta dansað, sungið og leikið með.

Kaffiveitingar fyrir börn og fullorðna og öll börn fá jólapoka.

Miðaverð: Börn 500 kr. Fullorðnir 300 kr.

Miðasala á skrifstofu VR og VA dagana 16.-20. desember.



Starf okkar
eflir
þitt starf



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur





	HRÆRI-GRAUT-URINN	DUFT-ÍÐ	BLÍÐ-AST	MUN-IRNIR	FLANA	TAP-AST	SAM-TENGING		AFTUR-GÖNGU	VITUR V. HRÆKA-SMÍÐ	SKRÁ		LIFIR MED HARM-KVÆLUM	HALA-RÖFA	SKELFING		
	UPP-SPR-ETTA					2			34			SKAR	22				
	AND-LIT-ÍÐ		1					TREG		26		GALLI					
	HELL-AR						SARA-BINDID	7				48					
	VÖKVI KVEN-DYRÍÐ			6	LÆKUR-INN → LIFA STA EFTIR										HLJÓÐ-AR		
	TRYLTT-AN	DRAP + SAUR GEDID	38				5		NUDDA SKSÖG-UR		3			DRÖ	35		
HNÖTT-URINN				AMBOD-ÍÐ	11	REKJUB-LÖND	16	KYLFI				KEPA	33				
BLÓÐ-MÖRS-KEPPUR				MUNDAR-ANNAKI				28					LÍKA	HIRÐA-UM			
NAGAR				9	REYKT-AR-SVÆLA			EIN-KENNI SIGIR			55	BEITA					
VÍFIL-ENGS-UR	8								IL'AT-ANNA	VEÐR-ATTA							
	HEIMILI	MANNS-NAFN			ÁVIÐUD	DÖNSK	EYTA	13		KROPP-AR			18				
UTAN	↕	23	FLÖRT-AR	53		PESTR	HENDIN	37					TIL	KAPP-NÓGAR	STORM-URINN		
KLAKI			FÉLAG		GIM-STEINN-INN		ÖVANI		52			GUÐIR					
SKOÐ-UN	↕				HLUT-AR	4			ÁRNADI			UPPLAG	24	KYRR-VIÐRI	VINDUR		
NÍÐUR-NÍÐ		39				HUG-LJUF-UR		KVEN-NAFN			19		SAMHLJ.	BLADRA			
VÍÐUR-KENNA	12				VERK-FERID	PIRR-ADA			KEMUR	Í LÓS		41					
HAMS-LAUSU			ÞYAK-MARKAD	VALD			21	BEYGDU	32	DRÖG-URINN	FÖR Í	SUNÐUR					
BERJA		14			AFLAG-AR	NOKKUD	STÖR				RIFTI		SÝLS		51		
ENDING			KORNA	KEIÐI	HNITTIN		46	ÁULAR	SUND		20		NÖGL	SIOAD-IR	TIL		
	GRUNA	SUND-UM			BIL-BUCUR	SAM-TENGING	50		TRITLA	STRANI	25		NYTSA-LAND	STRÁI			
UNÐUR	57				BOK-STAFUR	HAKKALA	BEITA	15	FRUM-EPNI	BOK-STAFUR		NÚIR		SÖKUM	ESPAD-IST		
FÆDDI			YKT	EÐLIS-FAR			49			REIKA		47			HÚS		
LÚR-IR'A					BJÁLKI	TALKN-BlÖÐ			REITUR			RETTAR-NAFN		FEYSKIN	27		
	↳	10					58	↳	45	↳			31		VEISLA	56	
	44	ÞITTAR	AD + LAN	UR	BANKA	BORDA						MORAR		AFL-JANA	40	TÖNN	DRYSIL-ÞÓGFULL
KVABB-ÍÐ		17				HINDR-UN						36	SKIPS	FRÁ	54		
BEINI	AD				SKEL-FLETTA		30		LÍKAMS	HLUT-ANN	42			KVEN-NAFN			
VERK-FERI		43								TIL-GREIN-IR		29					

JÓLA KROSSGATA



Ljós.: Grétar Hannesson

VERÐLAUN KR. 10.000

Lausnin á krossgátunni í nóvemberblaðinu er úr kvæðinu „Til móður minnar“ eftir Hannes Hafstein og hljóðar á þessa leið:

Elskulega mamma mín,
má ég órstutt ljóð þér færa.

Dregið var úr réttum lausnum og upp kom nafn Guðbjargar Bergsveinsdóttur sem býr við Grundargerðið. Hún hefur fengið verðlaunin og myndin sem hér fylgir með er af henni.

Snúum okkur að þessari veglegu jólakrossgátu sem hér birtist. Höfundur gátunnar gefur þá vísbendingu eina að lausnina sé að finna í ljóði eftir Einar Benediktsson. Það er því ekki eftir neinu að bíða að hefjast handa um að ráða gátuna.

Síðasti móttökudagur lausna er 15. janúar 2003. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgata“ utan á umslagið. Utanáskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfangið gretar@vr.is



ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN

Styrkur til bókakaupa

VR hefur ákveðið að styrkja Þjóðar-
bókhöðuna — Landsbókasafn um samtals
kr. 500.000 á næstu þremur árum til að
kaupa bækur um vinnumarkaðsmál. Mikil
þörf er á bókum um vinnumarkaðinn, bæði
fræðibókum og hagnýtum bókum. Með

þessum styrk er því verið að mæta auknu
samstarfi skóla og atvinnulífs og auka
möguleika félagsmanna VR og námsmanna
til að kynna sér sérstaklega vinnumarkaðs-
mál. Þar verður því með tíð og tíma hægt að
nálgast mikið efni um þennan málaflokk.



Sápukúlublástur á Drafnarborg.

Ljós.: KEH

Eftirfarandi ályktun var send fjölmiðlum nýverið: Áformum um sumarlokanir leikskóla mótmælt

**Verzlunarmannafélag
Reykjavíkur mótmælir
þeim áformum Leikskóla
Reykjavíkur að loka öllum
leikskólum borgarinnar í
fjórar vikur yfir sumar-
tímann.**

Með sumarlokunum leikskóla
yrði þrengt að hagsmunum heim-
ila og vinnustaða og stigið skref
afturbak í jafnréttismálum á
íslenskum vinnumarkaði.

Með lokun leikskóla á vinsæl-
asta sumarleyfistíma eru foreldr-
um leikskólabarna settar óviðun-
andi skorður varðandi töku sumar-
leyfis. Þær skorður munu koma í
veg fyrir að fjölmargar fjölskyldur
geti notið sumarleyfis saman.
Einnig er hætt við því að þrýsting-
ur á að foreldrar leikskólabarna
njóti forgangs til sumarleyfa á
vinsælasta tíma skapi áreksra við
samstarfsfólk og yfirmenn.

Síðast en ekki síst bendir VR á
að með sumarlokunum leikskóla

skapast hætta á minni atvinnuþátt-
töku kvenna og auknu launamis-
rétti kynjanna. Það er þekkt stað-
reynd að óvissa um dagvistun
barna stuðlar að því að konur
dragi úr þátttöku á vinnumarkaði
og sæki í hlutastörf. Rannsóknir á
íslenskum vinnumarkaði sýna
einnig að launakjör eru því verri
sem starfshlutfall er lægra.

VR skorar því á stjórn Leik-
skóla Reykjavíkur og borgarstjórn
Reykjavíkur að falla frá öllum
áformum um sumarlokanir.



Við erum með minnstu bumburnar

VR styður félagsmenn VR og VA til að efla heilsuna og halda kroppnum í góðu formi. Næst þegar þú kaupir kort í líkamsræktarstöð getur þú fengið endurgreiðslu úr sjúkrasjóðnum fyrir hluta af verðinu.

Félagsmenn VR og VA eiga einnig kost á endurgreiðslu úr sjúkrasjóði félagsins fyrir hluta af kostnaði vegna kaupa á líf- og sjúkdómatryggingum, heyrnartækjum, gleraugum og ýmsu öðru sem tengist heilsunni.

Leitaðu upplýsinga á vr.is eða í þjónustuveri VR í síma 510 1700.



Starf okkar
eflir
þitt starf

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

